

Bæjarstjórn Garðabæjar
Ráðhúsið við Garðatorg
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.01.2016
Málalykill	00.48
Mál nr.	1601492

Garðabæ 18.01.2016

Efni: Endurgreiðsla vegna rotþróargjalda árin 2014, 2015 og 2016 og sorphirðugjalda árið 2014 og 2015

Í framhaldi af samskiptum mínum við bæjinn með epóstum og símtölum allt frá því ég keypti eignina að Hraunhólaum 4 a í Garðabæ og án þess að hafi komið niðurstöðu í þessum málum, eða hvað þá svör við fyrirspurnum mínum, þá legg ég hér með fram formlegt bréf þess efnis.

Í mars 2014 fór fram afsal vegna eingnarinnar við Hraunhóla 4a, fastanr 207-0632 og 207-0633. Frá þeim tíma er undirrituð búin að borga sorphirðugjöld fyrir 4 tonnur en var ekki með nema 2 tonnur. Þetta var svo bætt sumarið 2015 og erum við núna með 4 tonnur sem er gjörsamlega óþarft á einu heimili.

Rotþróargjaldið er greitt frá sama tíma en enginn þjónusta er vegna "rotþróarinnar" þar sem loksins í fyrra fannst einskonar hraunhellir, sem tekur við ansi miklu og aldrei sést á, fyrir neðan hús og sem tæmir sig á nátturulegan hátt en er ekki tengt við holræsakerfið upp í götu. Rótþróarmálin í götunni eru á nokkrum stöðum mjög svipuð og þetta gjald hefur verið felld niður að Hraunhólum 6 í hátt í 20 ár.


Samkvæmt 1. gr. gjaldskrá fyrir rotþróargjald í Garðabæ nr. 1094/2010 skulu þeir sem eiga húseignir í Garðabæ þar sem fráveituvatni frá fráræsum húseigna er leitt í rotþrær greiða árlegt rotþróargjald:

Af öllum húseignum í Garðabæ þar sem fráveituvatni frá fráræsum húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlega rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

Þær fasteignir sem ekki eru tengdar rotþró Garðabæjar ættu skv. framansögðu ekki að þurfa að greiða rotþróargjald.

Í ljósi þessara upplýsinga fer ég fram á endurgreiðslu vegna gjalda sem greidd hafa verið þar sem engin þjónusta hefur verið veitt á ofangreindu tímabili og að ég verði ekki rukkuð í framtíðinni um þetta gjald.

Með virðingu og vinsemd,


Hilde Berit Hundstuen
Hraunhólar 4a, Garðabæ